

handhafakort 4.500 kr.

Sveitarstjórn samþykkir tillögu nefndarinnar um viðauka við gjaldskrá Sundlaugarinnar á Laugum.

5. Fundargerð Brunavarnanefndar frá 11.05.2016

Lögð fram fundargerð Brunavarnanefndar Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar frá 11. maí s.l. Arnór gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í fjórum liðum.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

6. Fundargerð Fræðslunefndar frá 23.05.2016

Lögð fram fundargerð Fræðslunefndar frá 23. maí s.l. Margrét gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í sex liðum.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

Til kynningar:

- a. Starf flugklasans Air66N sept. 2015 – apríl 2016

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:30



Rekstur verslunar í Vaglaskógi

Auglýst er eftir rekstraraðila að versluninni í Vaglaskógi sumarið 2016. Verslunin er starfrækt yfir sumartímann og er í nágrenni við tjaldsvæði og sumarhúsabyggð á svæðinu.

Nánari upplýsingar veitir sveitarstjóri í síma 464 3322 og 862 0025.

Þeir sem hafa áhuga á að taka að sér reksturinn sendi inn skriflegar umsókn sem fyrst til sveitarstjóra, Kjarna 650 Laugar, netfang dagbjort@thingeyjarsveit.is

Sveitarstjórinn í Þingeyjarsveit

Mývatnsmaraðon

Nú er um að gera að skella sér í hlaupaskóna og taka þátt í Mývatnsmaraðoni. En hið árlega Mývatnsmaraðon verður þeytt laugardaginn 4. júní. Hlaupið hefst og endar í Jarðböðunum við Mývatn. Keppt verður í maraðoni, ½ maraðoni, 10 km og 3 km.

Allir sem ljúka keppni fá verðlaunapening, stuttermabol merktan hlaupinu, grillveislu og ókeypis í Jarðböðin við Mývatn. Einnig verða veitt sérstök útdráttarverðlaun. Upplýsingar um verð, skráningu og tímasetningar er að finna á www.visitmyvatn.is og hægt verður að skrá sig til leiks fram á keppnisdag.



Björgunarsveitin
Stefán



Frá sundlaug Stórutjarnaskóla

Vegna viðhalds verður sundlaug Stórutjarnaskóla lokuð frá og með mánudeginum 30. maí þar til Hótel Edda opnar í byrjun júní.

Skólastjóri



Fundur í Kvenfélagi Aðaldæla

verður í Ýdölum þriðjudagskvöldið 7. Jún kl 20.00.

Nýjar konur ávallt velkomnar.
Stjórnin



Hólsvirkjun-Kynningarfundur

Skipulags- og umhverfisnefnd Þingeyjarsveitar boðar hér með til almenns kynningarfundar í Stórutjarnaskóla mánudaginn 6. júní n.k. kl. 20:00 þar sem kynntar verða hugmyndir að fyrirhugaðri Hólsvirkjun.

Arctic Hydro ehf hyggst reisa 5,2 MW vatnsaflsvirkjun í landi Ytra -Hóls, Syðra-Hóls og Garðs í Fnjóskadal. Áformað er að virkja Hólsá og Gönguskarðsá ofan Garðsfells og leiða vatn í þrýstipípu að stöðvarhúsi við Fnjóská.

Fulltrúar frá Arctic Hydro og Eflu verkfræðistofu munu kynna virkjunaráformin og sitja fyrir svörum.

Skipulags- og umhverfisnefnd Þingeyjarsveitar



Fundargerð
Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar
26.05.2016

192. fundur

sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar
haldinn í Kjarna fimmtudaginn 26. maí kl. 13:00

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Heiða Guðmundsdóttir, Eiður Jónsson í forföllum Árna Péturs Hilmarssonar, Ragnar Bjarnason og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson.

Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð. Oddviti setti fund.

Dagskrá:

1. Nýtt rekstrarleyfi – Fremstafell 1, veiðihús
2. Nýtt rekstrarleyfi – Fremstafell 1, sumarhús
3. Nýtt rekstrarleyfi – Hólavegur 3
4. 7. liður fundargerðar Félags- og menningarmálanefndar frá 19.04.2016
5. Fundargerð Brunavarnanefndar frá 11.05.2016
6. Fundargerð Fræðslunefndar frá 23.05.2016

1. Nýtt rekstrarleyfi – Fremstafell 1, veiðihús

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 11. maí s.l. þar sem Ragnar Arnarson sækir um sem forsvarsmaður fyrir Fremstafell sf., nýtt rekstrarleyfi til sölu gistingar í Fremstafelli 1 veiðihús í Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við nýtt rekstrarleyfi fyrir sitt leyti.

2. Nýtt rekstrarleyfi – Fremstafell 1, sumarhús

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 10. maí s.l. þar sem Árni Valdimarsson sækir um nýtt rekstrarleyfi til sölu gistingar í Fremstafelli 1, sumarbústað (Túnfótur 1) í Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við nýtt rekstrarleyfi fyrir sitt leyti.

3. Nýtt rekstrarleyfi – Hólavegur 3

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 13. maí s.l. þar sem Helga Arngrímsdóttir sækir um nýtt rekstrarleyfi til sölu heimagistingar að Hólavegi 3 í Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við nýtt rekstrarleyfi fyrir sitt leyti.

4. 7. liður fundargerðar Félags- og menningarmálanefndar frá 19.04.2016

Lögð fram fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 19. apríl s.l. og 7. liður fundargerðar; Sundlaugin á Laugum, tekinn til seinni umræðu.

Í 7. lið fundargerðar leggur nefndin til við sveitarstjórn að hún samþykki eftirfarandi viðauka við gjaldskrá Sundlaugarinnar á Laugum:
Börn 6-15 ára, 1 mánaðar handhafakort 2.000 kr. 3 mánaða handhafakort 4.500 kr.

Fullorðnir 16-66 ára 1 mánaðar handhafakort 3.500 kr.

67 ára og eldri, öryrkjar 1 mánaðar handhafakort 2.000 kr. og 3 mánaða



Fermingarguðsþjónusta í Lundarbrekku

Laugardaginn 4. júní kl. 14.00 fer fram fermingarguðsþjónusta í Lundarbrekkukirkju. Fermd verður Katla María Kristjánsdóttir Lækjarvöllum. Kirkjukórinn syngur undir stjórn Dagnýjar Pétursdóttur. Gengið verður að borði Drottins. Verið velkomin!

Til leigu tún

Á Fljóstbakka í Þingeyjarsveit

Tún til leigu ca, 10 ha í góðri rækt
Gæti orðið til lengri tíma
Einnig flag 4 ha

Upplýsingar hjá Óla í síma 868 7402

Til sölu

Heytætla, Deutz-Fahr 7631

Sex stjörnu dragtengd á vagni
árg ca, 2000. Vinnslubreidd 7,6 m., Verð 590.000.-+vsk

Fjór hjól

Yamaha Raptor 350,
afturhjóladrifið, 5 gíra, bakkgír og
rafstart. Öll dekk ný. Radial að aftan.

Verð 390.000.-

Upplýsingar í síma 895 3366



Frjálsípróttæfingar verða á Laugavelli í sumar á þriðjudags og fimmtudagskvöldum frá kl. 19-21. Aðalþjálfari er Brói og eru æfingarnar fyrir allan aldur.

Frjálípróttaskóli verður 13.-16 júní. Yfir umsjón með þjálfun hefur Brói. Skólinn er fyrir 11-16 ára vana og óvana iðkendur í frjálsum. Nánari upplýsingar gefur Hulda á Úlfsbæ 8653054 eða á huldae@mi.is

Bókasafn Reykdæla

Verður opið í sumar á
mánudögum kl. 20.00 - 22.00 í
júní og ágúst. Lokað verður í júlí,
opnað aftur 8. ágúst.



Greiningarsýning

Óþekktar myndir úr Ljósmyndasafni Þingeyinga.

Sýningin stendur yfir út júnímánuð.

Bókavörður

Ath!. breytt símanúmer: 464 3178

Kvenfélag Reykdæla

býður öllum íbúum 67 ára og eldri á félagssvæði sínu upp á fótisnyrtingu hjá Önnu Geirlaugu í Snyrtipinnanum, Hólavegi 2, föstudaginn 3. júní. Fótisnyrtingin er niðurgreidd af félaginu um 3000 kr. fyrir hvern einstakling. Tímá pantanir í síma 464 3200 eftir kl.10.00 á daginn. Stjórnin.



Frá Kvenfélagi Reykdæla

Laugardaginn 4. júní og sunnudaginn 5. júní mun Kvenfélag Reykdæla standa fyrir árlegri sumarblómasölu. Blómin koma frá Sólskógum á Akureyri og verðið er það sama og hjá þeim. Salan fer fram að Hólavegi 5 á Laugum milli klukkan 13:00 og 16:00 hvorn dag. Nýtið endilega þessa þjónustu og fáið blómin í heimabyggð.

Fjáröflunarnefnd.

22.tbl.
2. júní
2016
23. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



Geisli-Léttir

4.deild C-riðill

Jæja þá er lofsins komið að því, fyrsti leikur Geisla fer fram á Ýdala velli á komandi laugardag, 4. júní.2016, klukkan 14:00.

Við vonumst til að sjá sem flesta að styðja við bakið á okkur. Ekki mundi saka ef þið tækuð trommurnar með.

Fer á þau á heimun
Waldur úlf



Fylgist endilega með okkur á facebook:
Staðningsmannahópur Geisla